

Frétt af vef Reykjavíkurborgar þann 10. ágúst 2020.

Fréttir

Sérsöfnun lífræns eldhúsúrgangs í Hamrahverfi

mánudagur, 10. ágúst 2020

Undirbúningur er hafinn á sérsöfnun á lífrænum eldhúsúrgangi í Hamrahverfi í Grafarvogi. Verkefnið er hluti af aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar um sérsöfnun á lífrænum eldhúsúrgangi og endurvinnslu á honum.



Brún 140 lítra tunna bætist við öll hús í Hamrahverfi í haust. Einnig verður litlu söfnunarláti til að nota í eldhúsi dreift til allra heimila sem og matspokum til að nota fyrstu vikurnar. Fyrirhugað er að byrjað verði að safna úrgangi úr brúnum tunnum fyrir lok september.

[Sérsöfnun á lífrænum úrgangi hefur staðið yfir á Kjalarnesi frá því síðastliðað haust og hefur verkefnið gengið vel.](#)

Áætlun um áframhaldandi tilraunaverkefni á sérsöfnun lífræns eldhúsúrgangs í Hamrahverfi var samþykkt á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs þann 27. maí síðastliðinn. Í viðhorfskönnun frá 2018 töldu 78% íbúa Reykjavíkur mjög líklegt eða líklegt þeir myndu nýta sér tunnu undir lífrænan úrgang við heimili.

Þegar farið er að flokka frá lífrænan eldhúsúrgang til viðbótar við aðra flokkun má gera ráð fyrir að efnið sem fer í grátunnuna geti minnkað. Þá getur skapast tækifæri til að skipta út hefðbundinni grátunnu fyrir spartunnu og þannig draga úr kostnaði heimilisins vegna sorphirðu. [Hægt er nota reiknivélina á ekkirust.is til að skoða gjöldin miðað við fjölda og tegund ílata.](#)

Hvers vegna ætlum við hætta að urða lífrænan úrgang og endurvinna hann frekar?

- Til að uppfylla markmið ríkis og sveitarfélaga um að hætta urðun lífræns úrgangs og mæta kröfu um auknið endurvinnsluhlutfall.
- Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá urðun.
- Nýta orku og næringarefni í eldhúsúrgangi en útkoman er metan og jarðvegsbætur.
- Flokkun og skil til endurvinnslu hvetur til aukinnar meðvitundar um úrgang og getur leitt til breyttrar neysluhegðunar.

[Hér má finna upplýsingar um hvað má fara í brúnu tunnuna.](#)

Fréttir eftir hverfum

Árbær
Breiðholt
Grafarholt og Úfarsárdalur
Grafarvogur
Háaleiti og Bústaðir
Hlíðar
Kjalarnes
Laugardalur
Miðborg
Vesturbær
Viðey

Fréttir eftir málaflökkum

100 ára afmæli kosningaréttar kvenna
Atvinnumál
Betri hverfi
Covid-19
Ferðamál
Fjármál
Heilbrigðisefirlit
Hverfisskipulag
Innkallanir matvæla
Íþróttir og Útivist
Kosningar
Mannlíf
Mannréttindi
Menning og listir
Polska
Samgöngur

Vantar þig aðstoð? 

Skipulagsmál
Skóli og frístund
Stjórnsýsla
Umhverfi
Útsendingar
Velferð